



## Hreppsnefnd 14.05.09

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 14. maí 2009 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Ólafur K. Ármannsson, Borghildur Sverrisdóttir, Anna Pála Víglundsdóttir, Björn Halldórsson, Guðrún Anna Guðnadóttir og Kristín H. Reynisdóttir.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, Hlynur Sigurðsson og Magnús Jónsson frá KPMG, og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 16. apríl sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 16. apríl sl. Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 2. tl. fundargerðarinnar „Árshlutauppgjör“. Greindi hann frá athugunum sínum á uppgjörinu og að í ljós hefðu komið að í þeirri aðalbók sem notuð var til grundvallar við gerð uppgjörsins hefðu verið komin inn laun vegna apríl, sem skekkt hefði myndina samanborið við fjárhagsáætlun. Dreifði hann nýju leiðréttu uppgjöri fyrir fyrstu þriðja mánuði ársins hjá Vopnafjarðarhepp A- og B-hlutastofnunum. Í yfirlitinu kemur fram málaflökkayfirlit, rekstrarreikningur, sjóðsstreymi og efnahagsreikningur samanborið við hlutfallaðar tölur fjárhagsáætlunar yfirstandandi árs.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð fræðslunefndar frá 4. maí sl.

Fundargerð fræðslunefndar frá 4. maí lögð fram til kynningar.

3. mál Fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar frá 8. maí sl.

Fundargerð Byggingar- og skipulagsnefndar frá 8. maí sl. lögð fram. Vísaði sveitarstjóri til 3. tl. þar sem gefið er út framkvæmdaleyfi fyrir nýrri fiskimjölsverksmiðju HB Granda og mjölgeymslutönkum á svæði Vopnafjarðarhafnar. Teikningar af framkvæmdunum voru lagðar fram á fundinum.

Fundargerðin síðan samþykkt.

4. mál Ársreikningur Vopnafjarðarhepps A- og B-hluta fyrir árið 2008. - Fyrri umræða -

Á fundinn mættu endurskoðendur KPMG, Hlynur Sigurðsson og Magnús Jónsson frá KPMG. Lagður fram ársreikningur Vopnafjarðarhepps fyrir árið 2008 fyrir A- og B-hluta sjóði, ásamt sundurliðunum. Jafnframt lögð fram skýrsla endurskoðenda með ársreikningum 2008. Ennfremur lögð fram greinargerð sveitarstjóra með ársreikningum ársins 2008. Gerði hann síðan grein fyrir fyrirbyggjandi gögnum og las upp greinargerð sína sem er svofelld:

„Ársreikningar Vopnafjarðarhepps A- og B-hluta sjóða fyrir árið 2008 eru lagðir fram til fyrri umræðu á fundi hreppsnefndar hér í dag 14. maí 2009. Alls samanstanda reikningarnir af 13 sjóðum sem skiptast í 3 A- hluta sjóði og 10 B-hluta sjóði.

Heildartekjur A- hluta sveitarsjóðs voru 405,3 m. kr., þar af voru útsvar og fasteignaskattur 199,8 m.kr., framlög jöfnunarsjóðs 150,6 m. kr. og aðrar tekjur 54,9 m. kr.

Heildargjöld voru á hinn vænginn 342,9 m. kr., fyrir afskriftir og fjármagnsliði. Að viðbættum afskriftum og fjármagnsliðum eru heildargjöld 433,0 m.kr.

Í heild var rekstrarniðurstaða A-hluta sveitarsjóðs því neikvæð um 27,7 m.kr. eftir afskriftir og fjármagnsliði.

A- hluti sveitarsjóðs skilar á hinn bóginn 62,4 m.kr. í hagnað fyrir afskriftir og fjármagnsliði svokölluð

EBITDA, en samstæðan öll, þ. e. A- hluti að viðbættum B-hluta sjóðum er rekin með liðlega 107,3 m. kr. hagnaði á sama grunni, þ. e. EBITDA.

Heildartekjur samstæðunnar allrar voru 507,5 m. kr., en heildarútgjöld þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta og fjármagnskostnaðar voru 635,1 m. kr. Samstæðan öll var samkvæmt því rekin með 127,6 m. kr. rekstrarhalla og hefur þá verið tekið tillit til reiknaðra afskrifta að fjárhæð 36,7 m.kr., sem er í raun reiknuð fjárhæð sem tekin er frá til viðhalds eigna sveitarfélagsins. Ennfremur hefur verið reiknað með fjármagnsliðum sem námu nettó 198,2 m.kr. Af þessu má sjá að fjármagnskostnaður vegur gríðarlega þungt í rekstrarútkomu sveitarfélagsins fyrir árið 2008. Hinn hefðbundni rekstur sveitarfélagsins, þ. e. laun og rekstrargjöld, hækkar ekki nema um liðlega 3,6% eða úr 386,4 m. kr. 2007 í 400,2 m.kr. árið 2008. Heildargjöld að teknu tilliti til fjármagnsgjalda hækka um 40,7 % eða úr 451,5 m.kr. í 635,1 m.kr. Í neðangreindri töflu sést hvernig útgjöldin skiptast.

Í heild skiptast útgjöld samstæðunnar þannig:

Árið 2007 Árið 2008

M.kr. % M.kr. %

Laun og launatengd gjöld	213,3	47,2	230,2	36,1
Breyting lífeyrisskuldbindinga	3,3	0,7	4,6	0,7
Annar rekstrarkostnaður	169,8	37,6	165,4	26,0
Afskriftir	32,4	7,2	36,7	5,8
Fjármagnstekjur/fjármagnsgjöld	32,7	7,3	198,2	31,2

Samtals 451,5 100,0 635,1 100,0

Af framansögðu er ljóst að afkoma sveitarsjóðs er erfið þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta og fjármagnsliða. Neikvæð rekstrarniðurstaða skýrist að langstærstum hluta af þeirri stóru verðbótafærslu sem gjaldfærð er vegna lána sveitarfélagsins. Ljóst er að hraði verðbólgunnar á síðasta ári hefur haft veruleg áhrif á uppgjör ársins 2008. Mikilvægt er að nýrri ríkisstjórn takist að koma böndum á verðbólgu drauginn. Takist það ekki er nánast víst að mörgum sveitarfélögum er stefnt í voða hvað rekstrarkostnað varðar.

Á síðasta ári var gripið til ýmissa aðgerða til þess að lækka rekstrarkostnað og reynt að vera á tánum hvað varðaði rekstrarkostnað hinna mismunandi deilda í góðri samvinnu við forstöðumenn deildanna.

Til stóð á árinu að selja nokkurn hluta hlutabréfa sveitarfélagsins í HB Granda, sú aðgerð tókst ekki. Rétt er að geta þess að rekstrarafkoma sveitarfélagsins er verri vegna þess að söluhagnaður, sem fengist hefði við sölu tekjufærist ekki, og einnig fyrir það að fjármagna varð með öðrum hætti það sem fengist hefði með sölnunni. Í þessum efnum er rétt að geta þess að til skoðunar hefur verið hvort æskilegt er að greiða upp allar skuldir Skipbólma ehf., sem stofnað var til vegna kaupa á hlutafé í Tanga h/f, nú HB Granda h/f. Þessi aðgerð ein og sér mundi lækka fjármagnsgjöld allmikið á ársgrundvelli miðað við þau vaxtakjör sem eru í gangi nú.

Hugmyndir hafa einnig verið uppi um að ganga lengra í sölu eigna og greiða upp enn stærri hluta heildarskulda, sem lækka mundi fjármagnsgjöld til muna. Til mikils er að vinna á þessu sviði þar sem vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur í samstöðunni allri er 198,2 m.kr. í ársreikningi 2008. Helstu eignir sem hugsanlegt er að selja í þessu sambandi eru hótél, íbúðir, jarðir og hlutabréf.

Við gerð ársreikninga fyrir árið 2005 var tekið á ýmsum þáttum með öðru sniði en áður hafði verið gert. Meðal annars eru færðar upp lífeyrisskuldbindingar, áfallið ótekið orlof og óbeinar afskriftir. Þessi háttur er einnig viðhafður í uppgjóri ársins 2008. Gjaldfærð hækkan á óbeinum afskriftareikningi á árinu 2008 var 5,5 m.kr. og einnig var gjaldfærð hækkan á lífeyrisskuldbindingum að fjárhæð 4,6 m.kr. Lífeyrisskuldbindingar alls í efnahagsreikningi eru 43,6 m.kr. í árslok 2008.

Varðandi nánari útlitun á þessum hlutum er að öðru leyti vísað til endurskoðunarskýrslu KPMG með ársreikningi 2008 og skýringa með ársreikningi.

Á árinu var ráðist í margvíslegar framkvæmdir. Stærstu framkvæmdirnar voru hafnarframkvæmdir þar sem unnið var að lögnum í þekju, steipt þekja og jafnframt lokið við dýpkun hafnarinnar. Unnið var í viðbyggingu við leikskólann. Haldið áfram við hellulögn og feegrunarframkvæmdir á miðbæjarsvæðinu, sem hefur breyst mjög til bóta.

Ennfremur var unnið að gatnagerðarframkvæmdum í Hafnarbyggð, malbikun o.fl.. Þá var unnið að margvíslegum minni verkefnum. Alls námu fjárfestingar 153,8 m. kr. nettó, en þegar talin hafa verið til framlög frá Siglingastofnun, Flugstoðum, Húsfriðunarsjóð ofl. lætur nærri að fjárfestingar hafi alls verið um 300 m.kr. brúttó. Framkvæmdirnar voru fjármagnaðar annars vegar með veltufé frá rekstri og hins vegar með lántökum og framlögum.

Meginhluti langtímalána sveitarfélagsins eru tengd vísitölu neysluverðs og eru reiknaðar verðbætur og gengismunur ársins 151,4 milljónir. Fjárhæð þessi kemur til hækkunar á höfuðstól lána sveitarfélagsins og á móti er fjárhæðin færð til gjalda í rekstri þess árið 2008, en kemur til greiðslu á eftirstöðvatíma lánanna. Ljóst má því vera að verðbólguþróun ræður miklu um afkomutölur sveitarfélaga til framtíðar.

Mikilvægt er því fyrir sveitarfélög eins og flest önnur fyrirtæki að ríkisstjórninni takist að halda verðlagi stöðugu.

Í heild eru erlend lán sveitarsjóðs um 8,5 % heildar lána og er ljóst að miðað við gengisfall íslensku krónunnar þá hefði reiknaður gengismunur orðið mun hærra tala ef hlutfall erlendra lána hefði verið hærra. Það hlýtur því að teljast athugunarefni hversu hátt þetta hlutfall ætti að vera og ljóst er að mörg sveitarfélög eru með mjög hátt hlutfall erlendra lána, sem þau hafa vafalítið tekið í krafti mikils vaxtamunar á erlendum og innlendum lánum.

Þrátt fyrir mikil umsvif í rekstri og framkvæmdum í A- og B-hluta voru greidd niður lán að fjárhæð 114,2 m. kr. á árinu en á móti voru tekin ný lán að fjárhæð 82,6 m.kr. Sökum reiknaðra verðbóta að fjárhæð 151,4 m.kr. hækka langtímalán úr 751,4 m.kr árið 2007 í 820,4 m.kr. árið 2008 eða um 69 m.kr. milli árana 2007 og 2008 í samstæðunni allri. Enn og aftur komum við að því hversu mikilvægt það er fyrir reksturinn að ná niður verðbólgunni.

Í sjóðstreymi samstæðunnar kemur síðan fram að þegar leiðrétt hefur verið fyrir afskriftum, verðbótum, hagnaði og skuldbindingum er veltufé frá rekstri jákvætt um 65 m.kr. og þegar tekið hefur verið til viðbótar tillit til breytinga á rekstartengdum eignum og skuldum þá kemur fram að handbært fé frá rekstri er jákvætt um 102,7 m.kr. Þessi fjárhæð gengur síðan ásamt nýjum lántökum til greiðslu á fjárfestingum og afborgunum lána eins og fram hefur komið.

Að öllu þessu töldu kemur fram að handbært fé í árslok er 24,3 m.kr. en var í upphafi ársins 65,2 m. kr.

Í árslok 2008 átti Vopnafjarðarhreppur hlutabréf í HB Granda að nafnvirði 39,6 m.kr. og voru þau bókfærð á 208 m.kr. Miðað við markaðsgengi bréfanna 10 er andvirðið 396 m.kr. en miðað við gengið 12 væri andvirðið 475,2 m.kr. Líklegt er að ef hlutabréfin yrðu seld þá yrðu þau á gengi sem væri einhversstaðar á þessu bili. Mismunur á bókfærðu verði og markaðsvirði er því á bilinu 188,0 m.kr.-267,2 m.kr. Rétt er þó að geta þess að markaðsgengið hefur rokkað nokkuð til.

Eins og margoft hefur verið bent á er á hverjum tíma umhugsunarefni forsvarsmanna sveitarfélagsins hvað heppilegast er að gera við eign af þessu tagi, þrátt fyrir að ávöxtun þessara hlutabréfa hafi verið góð síðustu ár.

Gert hefur verið ráð fyrir því í 3ja ára fjárhagsáætlun 2010-2012, að tekin verði ákveðin skref í því að afsetja bréfin þ.a. andvirði þeirra nýtist sem best til góðra hluta í sveitarfélaginu, hvort heldur er til uppgreiðslu lána eða annarra hluta sem nauðsynlegir eru taldir. Þessi mál verða til nánari umfjöllunar og ákvarðanatöku á árinu 2009.“

Lagði hann síðan til að ársreikningunum yrði vísað til síðari umræðu í hreppsnefnd þann 28. maí n. k. Því næst fóru löggiltir endurskoðendur yfir ársreikningana og skýrslu sína og skýrðu helstu stærðir og endurskoðunaraðferðir og svöruðu fyrirspurnum fundarmanna.

Allmiklar umræður urðu um fyrirbyggjandi gögn og settar fram margvíslegar spurningar sem endurskoðendur og sveitarstjóri svöruðu.

Tillaga sveitarstjóra um að vísa ársreikningunum til síðari umræðu í sveitarstjórn var síðan borin undir atkvæði.

Tillagan samþykkt samhljóða.

5. mál Tillaga að ályktun Vopnafjarðarhepps til stjórnar Menningarráðs Austurlands.

Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir þessum lið. Greindi hann frá því að í nýsamþykktri menningarstefnu sem undirrituð hefði verið á aðalfundi Menningarráðs Austurlands 7. maí sl. væri greint frá því að sveitarfélagið Hornafjörður hefur ákveðið að segja skilið við Menningarráð Austurlands, en þar er ein af fjórum menningamiðstöðvum Austurlands þ.e. miðstöð „handverks og bókmennta á Austurlandi.“

Í framaldi af máli sínu lagði sveitarstjóri fram svofellda ályktun:

„Vopnafjarðarheppur beinir því til stjórnar Menningarráðs Austurlands að nú þegar verði hafinn undirbúningur að því að menningarmiðstöð „handverks -og bókmennta á Austurlandi“ verði færð frá Hornafirði yfir á Vopnafjörð.“

Ályktun þessi byggir á þeirri staðreynd að sveitarfélagið Hornafjörður hefur ákveðið að segja skilið við Menningarráð Austurlands og er því brýnt að hefja strax undirbúning á tilflutningi menningarmiðstöðvarinnar inn á starfssvæði Menningarráðs Austurlands.

Eftir umræður í sveitarstjórn var fyrirbyggjandi ályktun samþykkt samhljóða.

6. Bréf Varasjóðs húsnæðismála dags. 4. maí sl. varðandi rekstrarframlag.

Lagt fram bréf Varasjóðs húsnæðismála frá 4. maí sl., þar sem tilkynnt er um rekstrarframlag til Vopnafjarðarhepps sem fengist hefur á grundvelli umsóknar sveitarfélagsins.

Erindið lagt gram til kynningar.

7. Bréf sýslumannsins á Seyðisfirði varðandi umsögn um rekstrarleyfi fyrir nýjan gististað að Síreksstöðum.

Lagt fram bréf sýslumannsins á Seyðisfirði dags. 21. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar hreppsnefndar um umsókn Halldórs Georgssonar og Sigríðar Bragadóttur um rekstrarleyfi fyrir nýjan gististað í flokki II að Síreksstöðum.

„ Vopnafjarðarheppur sér ekkert því til fyrirstöðu að slíkt leyfi verði veitt á grundvelli fyrirbyggjandi umsóknar þar um og að fyrir liggji tilskilin staðfesting byggingarfulltrúa.“

8. mál. Ýmis bréf og erindi.

a) Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga frá 29. apríl sl.

Lögð fram til kynningar.

b) Bréf bændasamtaka Íslands dags. 15. apríl sl. varðandi fjallskil.

Lagt fram til kynningar og vísað til landbúnaðarnefndar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.30.